

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 98
150 Reykjavík

Staðarbakka 8. maí 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál

Stjórn Veidifélags Miðfirðinga vill koma á framfæri eftirfarandi umsögn til atvinnuveganefndar vegna frumvarps til laga um lagareldi, 930. mál, sem nú liggur fyrir nefndinni.

Stjórn Veidifélags Miðfirðinga telur afar jákvætt að lagt sé fram frumvarp til laga um lagareldi sem taki heildstætt utan um greinina. Sérstaklega má þakka þá framsýni að lögfest séu friðunarsvæði til verndar villtum laxi.

Tilgangur og meginmarkmið frumvarpsins virðist í stuttu máli vera tvíþættur. Annars vegar að efla verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu og hins vegar að stuðla að sjálfbæru og ábyrgu lagareldi en tryggja um leið verndun villtra nytjastofna. Allt eru þetta fögur fyrirheit en að mati stjórnar Veidifélags Miðfirðinga er þörf á að ganga enn lengra ef tilgangur og markmið frumvarpsins eiga að nást. Stjórn Veidifélags Miðfirðinga vill ávarpa þjá þætti sérstaklega:

*Í fyrsta lagi er gerð athugasemd við hin **ótímabundnu rekstrarleyfi**, sem koma fram í 33. grein. Skynsamlega væri að leyfin væru gefin út til nokkurra ára í senn og þegar endurnýjun færi fram þyfti viðkomandi eldisfyrirtæki að fara í gegnum leyfisveitinguferlið upp á nýtt. Þannig væri hægt að skoða ítarlega starfssemi fyrirtækisins og vinna þannig meira í anda frumvarpsins.*

*Í öðru lagi er ábending varðandi **kostnað vegna leitar og veiða á strokulaxi**. Vandlega er fjallað um hvernig bregðast eigi við stroki úr öpunum sjókvíum enda sýna dæmin því miður að engan veginn er hægt að forðast slysasleppingar. Þessi vandi er nefndur sérstaklega í 45. grein og lögð til lögfesting þess efnis að allur kostnaður Matvælastofnunar og annarra sjórnvalda vegna strokulaxa skuli greiddur af rekstrarleyfishöf. Stjórn Veidifélags Miðfirðinga leggur til, m.a. í ljósi reynslunnar vegna hinna umtalsverðu slysasleppinga haustið 2023, að inn í þessa grein verði bætt ákvæði um að rekstrarleyfishöf skuli einnig bæta veiðifélögum og veiðiréttarhöfum þann kostnað sem til fellur þegar farið er í aðgerðir vegna leita og veiða á strokulaxi.*

*Í þriðja lagi er mikilvægt að ávarpa XI. kafla frumvarpsins sem fjallar um **kynþroska lax** og hveiju ræktun hans er háð og hvernig hægt sé að seinka kynþroska. Hin g.furlega*

slysaslepping, sem átti sér stað sl. haust, hafði í för með sér allmikla göngu á kynþroska laxi í margar afar verðmætar laxveiðiár, m.a. Miðjarðará. Í ljósi þess telur stjórn Veiðifélags Miðfirðinga brýna þörf á því að sett verði í frumvarpið ákvæði þess efnis að innan 10 ára verði algjörlega óheimilt að rækta fjóan lax. Þannig væri verið að minnka til muna áhættuna af eldinu gagnvart villta laxastofninum og ná betur fram markmiðum frumvarpsins um verndun villtra nýjastofna.

Stjórn Veiðifélags Miðfirðinga áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúna til samtals við atvinnuveganefnd um málið.

F.h. stjórnar Veiðifélags Miðfirðinga

Magnús Magnússon, formaður

S. 867-2278